



Minnisblað vegna Samgönguáætlunar Vesturlands tímabilið 2017-2029

Bæjarráð Stykkishólmsbæjar hefur fjallað um Samgönguáætlun Vesturlands tímabilið 2017-2029 og fól undirrituðum að senda athugasemdir sem fara hér á eftir.

Megin niðurstöður og áherslur bls. 4-6:

Vegamál.

Vegna vaxandi þungaflutninga og umferðar ferðamanna er nauðsynlegt að hraða framkvæmdum við veginn um Skógarströnd og verði framkvæmdir settar af stað á fyrsta áætlunartímabili.

Huga þarf sérstaklega að umferðaröryggi við endurbætur og þjónustu á vegakerfinu. Bæta þarf öryggisaðgerðir á þjóðvegum m.a. koma upp upplýstum gangbrautum í þéttbýli vegna mjög vaxandi umferðar og þungaflutninga í gegnum þéttbýlið.

Hafnamál

Gera þarf ráð fyrir því í áætlun að bæta hafnaraðstöðu vegna skemmtiferðarskipa og þjónustu í höfnum til sjávertengdrar ferðaþjónustu. Setja þarf í áætlun lengingu viðlegukants hafskipabryggjunnar í Stykkishólmshöfn vegna þjónustu við skemmtiferðaskip sem er mjög vaxandi þáttur í ferðaþjónustunni.

Áherslur varðandi hafnarmál á bls.7:

Stykkishólmur: Gert verði ráð fyrir framkvæmdum við hafnargerð áætlunartímabilið 2017-2022.

Almennt um samgöngumál á Vesturlandi bls.9-10:

Vegna upptalningar á tímamótaverkefnum s.l. 35 ár svo sem Borgarfjarðarbrúar og Hvalfjarðaganga er ástæða til þess að minna á önnur stórvirki í vegagerð svo sem lagningu bundins slitlags á nær allar megin leiðir á Vesturlandi þar sem voru malarvegir , endurbyggingu vegar um Bröttubrekku og Svínadal, nýjar brýr á Reykjadalssá í Borgarfirði,



Laxá í Döllum, Hítará, Hafnfjarðará, Straumfjarðará, Staðará, nýja vegi og brýr um Hraunsfjörð og Kolgrafarfjörð á Snæfellsnesi, endurbyggingu vegar um Búlandshöfða, Ólafsvíkurenni og nýjan Útnesveg, endurbyggingu hluta vegar um Fróðárheiði og nýjan veg um Vatnaleið.

Framkvæmdir í höfnum á næstu árum eru ráðgerðar eftirfarandi á bl.s 25-27:

Leggja ber áherslu á að uppsetning áætlunar verði samræmd milli hafna.

Stykkishólmur:

Árið 2017: Stykkishöfn, austurhluti hafnar. Dýpkun við löndunarbyggju og við flotbyggjur smábátahafnar. Áætlaður kostnaður 20 milljónir. Framkvæmd sem er á gildandi áætlun.

Stykkishöfn, ferjuhöfn í Súgandisey. Göngubraut að ferju sunnanvið akstursleið. Áætlaður kostnaður 4.5 milljónir.

Árin 2017- 2020:

Skipavíkurhöfn viðlegukantur vegna viðlegu flutningaskipa og löndunar sjávarfangs. Lenging og endurbygging núverandi stálpils til austurs um 80 metra í samræmi við tillögu að deiliskipulagi vegna þörungaverksmiðju og stækkunar athafnasvæði skipasmíðastöðvar. Áætlaður kostnaður 240 milljónir.

Árið 2020: Stykkishöfn smábátastaða vestan við Stykkið. Flotbyggjur sem verði tengdar til lands neðan við Hafnarhúsið í samræmi við deiliskipulag hafnarsvæðis. Áætlaður kostnaður 20 milljónir.

Árin 2020-2030: Setja þarf í áætlun lengingu viðlegukants hafskipabryggjunnar í Stykkishólmsstöðum vegna þjónustu við skemmtiferðaskip. Viðskipti hafnarsjóðs við skemmtiferðarskip er mjög vaxandi þáttur í rekstri hafnarinnar. Kostnaðarmat liggur ekki fyrir.

Stykkishólmi 25.október 2016



Sturla Böðvarsson bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar